

DRÖG
Reglugerð
um náttúrulega og óhefðbundna baðstaði

I. KAFLI
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

Markmið.

1. gr.

Markmið þessarar reglugerðar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum.

Gildissvið

2. gr.

Reglugerð þessi gildir um náttúrulega og óhefðbundna baðstaði, sbr. skilgreiningu í 3. gr.

Skilgreiningar

3. gr.

Í reglugerð þessari er merking orða og orðasambanda sem hér greinir:

Ábyrgðaraðili: Landeigandi eða ábúandi eða sá sem fer með umsjón svæðisins samkvæmt samningi telst ábyrgðaraðili náttúrulegra baðstaða annarra en þeirra sem falla í 1. flokk. Umhverfisstofnun telst ábyrgðaraðili náttúrulegra baðstaða á friðlýstum svæðum. Sé ekki skilgreindur ábyrgðaraðili svæðis ber viðkomandi sveitarfélag ábyrgðina.

Baðströnd: Vatns- eða sjávarströnd þar sem böð, þ.m.t. sjóböð eru stunduð. Afmarkað umhverfi næst sjó eða vatni telst til baðstrandar svo og hugsanleg mannvirki og aðstaða þeim tengd.

Baðvatn: Sjór eða ferskvatn, þ.m.t. jarðhitavatn, sem ekki er meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt en er talið hæft til baða samkvæmt reglugerð þessari.

Formlegur rekstur: Rekstur þar sem dagleg umsjón er með baðstað og afgreiðsla, öryggisgæsla og þjónusta við baðgesti (s.s. þrif og sala veitinga) er til staðar.

Háannatímabil^[k1]: skilgreint tímabil yfir árið þegar notkun á baðstaðnum er hvað mest, skilgreint af ábyrgðaraðila í samráði við heilbrigðisnefnd.

Innra eftirlit: Eigið eftirlit rekstraraðila með starfseminni framkvæmt af honum sjálfum, starfsmönnum hans eða þjónustuaðila í þeim tilgangi að tryggja að kröfur í starfsleyfi eða reglugerðum séu uppfylltar.

Laug: Baðvatn, allt að 45°C heitt sem hefur viðstöðu á afmörkuðu svæði á yfirborði jarðar.

Upplýsingar um baðstað: upplýsingar um baðstaði í 1. - 3. flokki skv. viðauka II.

Náttúrulaug: Laug ásamt bakka hennar, mynduð af náttúrunnar hendi og/eða gerð úr einföldu eða stærra mannvirki, þar sem böð eru stunduð og vatn er ekki meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt.

Einfalt mannvirki^[k2]: Mannvirki telst vera einfalt sé um að ræða lítils háttar hleðslu eða steypuverk, s.s. hleðsla á steinum til að stífla eða stýra rennsli á baðvatni og steptir botnar, hliðar eða á annan hátt einfaldir pottar. Til mannvirkja teljast einnig búnings- og, salernisaðstaða og önnur aðstaða fyrir baðgesti, einföld aðstaða fyrir baðgesti getur falið í sér aðgang að skiptiklefa og salerni.

Stærra mannvirki: Mannvirki telst vera stærra ef um stærri hleðslur og steypuverk er að ræða og notkun íláta, s.s. hleðslur og steypuverk minni og stærri potta og lauga sem eru til þess gerð að líkja eftir eða stækka náttúrulegan baðstað sem og notkun íláta eins og potta og kara (t.d. úr plasti) og dúkalagðra lauga. Til mannvirkja teljast einnig búnings- og salernisaðstaða og önnur aðstaða fyrir baðgesti, stærri aðstaða fyrir baðgesti getur falið í sér aðgang að vatnssalernum, sturtum og upphituðum búningsklefum.

Náttúrulegur baðstaður^[k3]: Baðstrendur eða náttúrulaugar til almenningsnota, mynduð af náttúrunnar hendi og jafnvel einföldu mannvirki, þar sem vatn er ekki meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt.

Einfalt mannvirki: sjá skilgreiningu undir *Náttúrulaug*.

Neyðaráætlun: Verklagsreglur starfsfólks um viðbrögð við slysum.

Óhefðbundinn baðstaður^[k4]: Baðstrendur eða náttúrulaugar til almenningsnota, gerð úr einföldu eða stærra mannvirki, þar sem böð eru stunduð og vatn er ekki meðhöndlað með sótthreinsiefnum, geislun eða á annan hátt.

Einfalt mannvirki: sjá skilgreiningu undir *Náttúrulaug*.

Stærra mannvirki: sjá skilgreiningu undir *Náttúrulaug*.

Rekstraraðili: Einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á viðkomandi rekstri.

Starfsleyfi: Ákvörðun heilbrigðisnefndar í formi skriflegs leyfis þar sem tilteknum rekstraraðila er heimilað að starfrækja náttúrulegan eða óhefðbundinn baðstað í 1.flokki að því tilskildu að hann uppfylli viðeigandi ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfis.

Viðbragðsáætlun: Verklagsreglur starfsmanna um viðbrögð og aðgerðir ef eldsvoða, náttúruvá, alvarleg slys eða aðra almannahættu ber að.

Öryggisreglur: Reglur sem rekstraraðili setur sér til að stuðla að öryggi gesta og hefur sýnilegar gestunum.

II. KAFLI Almenn ákvæði.

Flokkun náttúrulegra og óhefðbundinna baðstaða

4. gr.

Náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir flokkast í 3 meginflokk:

1.flokkur^[k5]: Náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir þar sem formlegur rekstur fer fram og mannvirki eða aðstaða eru til staðar fyrir notendur sem hluti af þeim rekstri. Náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir í 1. flokki er starfsleyfisskyldir. Aðsókn baðgesta dagleg yfir allt árið.

2.flokkur: Náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir þar sem ekki er formlegur rekstur, mannvirki eða einhver aðstaða ætluð baðgestum getur verið til staðar. Aðsókn baðgesta dagleg yfir allt árið eða mismunandi eftir árstíðum.

3.flokkur: Aðrir náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir sem hvorki falla í 1. eða 2. flokk og aðsókn baðgesta er mismunandi eftir árstíðum, þó aldrei svo að aðsókn sé dagleg yfir allt árið.

Heilbrigðisnefnd flokkar náttúrulega og óhefðbundna baðstaði á sínu svæði og sendir Umhverfisstofnun lista yfir náttúrulega og óhefðbundna baðstaði fyrir 1. mars ár hvert. Komi upp vafi um hvort baðstaður teljist náttúrulegur eða óhefðbundinn sker heilbrigðisnefnd úr um það^[k6]. Umhverfisstofnun birtir þá lista á heimasíðu stofnunarinnar.

III. KAFLI Starfsleyfi, öryggi, eftirlit og upplýsingar um baðstað.

Starfsleyfi

5. gr.

Þeir sem hyggjast starfrækja náttúrulegan eða óhefðbundinn baðstað skv. 1. flokki skulu sækja um starfsleyfi til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisnefnd gefur út starfsleyfi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar svo og reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum og reglugerðar um hollustuhætti eftir því sem við á.

Með umsókn skulu m.a. fylgja niðurstöður örverufræðilegra rannsókna, sbr. viðauka I við reglugerð þessa (um efnainnihald). Einnig skulu fylgja upplýsingar um innra eftirlit, öryggisþætti, áætlaðan fjölda gesta og um fjölda starfsmanna. Sé mæling á eftirfarandi þáttum gerleg skulu einnig fylgja upplýsingar um stærð laugar, rúmtak og áætlaða vatnsendurnýjun.

Ábyrgðaraðili skal tilgreindur í starfsleyfi. Sé rekstur náttúrulegs eða óhefðbundins baðstaðar framseldur af ábyrgðaraðila, s.s. frá landeiganda til ferðaþjónustuaðila, skal fylgja starfsleyfisumsókn samningur sem kveður á um ábyrgð hvors aðila um sig gagnvart rekstrinum og ákvæðum sem um hann gilda í reglugerðum og starfsleyfi. Þegar þannig háttar til skal ábyrgð hvers um sig koma fram í starfsleyfi.

Tiltaka skal í starfsleyfi árlega tíðni sýnatöku og fjölda sýna sem taka skal af baðvatni vegna innra eftirlits með rekstri baðstaðarins til greiningar á saurkólígerlum, sbr. viðauka I með reglugerðinni. Fjöldi sýna skal taka mið af

umfangi starfseminnar og aðstæðum, s.s. fjölda notenda og gegnumstreymi vatns á náttúrulega eða óhefðbundna baðstaðnum.

Í starfsleyfi, eftir aðstæðum hverju sinni skulu vera reglur um takmörkun á aðgengi dýra að umhverfi baðstaðarins.

Öryggi

6. gr.

Rekstraraðili náttúrulegs eða óhefðbundins baðstaðar í 1. flokki skal gera neyðaráætlun og viðbragðsáætlun og setja öryggisreglur fyrir baðstaðinn og skulu allir starfsmenn upplýstir um þær.

Á baðstöðum í 1. flokki skulu öryggisreglur vera sýnilegar gestum. Þær skulu taka mið af ákvæðum um öryggisreglur í reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum eins og við á hverju sinni. Í þeim skal koma skýrt fram hvernig öryggisgæslu og ábyrgð er háttáð og hvað ber að varast við böð og aðra notkun baðstaðarins.

Yfirlitsmynd skal vera til staðar á baðstöðum í 1. flokki er sýni laug og laugarsvæði/strönd og strandsvæði þar sem m.a. kemur fram dýpi og hitastig vatnsins. Sjá nánar 8. gr.

Skyndihjálparbúnaður skal vera til staðar á baðstöðum í 1. flokki. Gerð hans og samsetning skal taka mið af skyndihjálparbúnaði fyrir almenna sund- og baðstaði og umfangi og gestafjölda baðstaðarins. Skal sá búnaður yfirfarinn reglulega og starfsmenn reglulega þjálfaðir í notkun hans og viðbrögðum við neyðartilvikum.

Innra eftirlit

7. gr.

Rekstraraðili náttúrulegs eða óhefðbundins baðstaðar í 1. flokki skal koma á innra eftirliti vegna starfseminnar. Innra eftirlit skal taka mið af umfangi starfseminnar, svo sem stærð laugarinnar, endurnýjunar baðvatns og fjölda gesta og starfsmanna. Þegar umfang er mikið skal tilgreina áhættuþætti, fyrirbyggjandi aðgerðir svo sem varðandi hitastig vatns, og viðeigandi þjálfun starfsfólks. Þá skal skrá óhöpp og slys ásamt úrbótum sem gerðar eru.

Varðandi kröfur um öryggi, hreinlæti og aðbúnað sem þurfa að koma fram samkvæmt gátlista í innra eftirliti starfseminnar skal hafa hliðsjón af ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum eftir því sem umfang og eðli starfseminnar gefur tilefni til en að lágmarki skal þó vera búningsaðstaða, sturtur og salerni. Skriflegar hreinlætisáætlanir skulu gerðar eftir því sem við á.

Um tíðni og framkvæmd sýnatöku af baðvatninu og fjölda baðvatnssýna sem tekin eru til rannsóknar fer skv. viðauka I með reglugerð þessari og ákvæðum starfsleyfis.

Gögn um innra eftirlit skulu vera til reiðu þegar heilbrigðiseftirlit fer fram á vegum heilbrigðisnefndar.

Upplýsingar um baðstað

8. gr.

Taka skal saman upplýsingar um baðstað fyrir baðstaði í öllum flokkum skv. viðauka II. Ábyrgðaraðili náttúrulegs eða óhefðbundins baðstaðar í 1. flokki skal sjá til þess að upplýsingar um baðstaðinn séu aðgengilegar baðgestum í samræmi við viðauka II. Heilbrigðisnefnd metur hvort upplýsingar um baðstað

skv. viðauka II skuli vera aðgengilegar baðgestum á baðstöðum í 2. og 3. flokki. Endurskoðun á upplýsingum um baðstað skal fara fram skv. 4. gr. viðauka II. Upplýsingum um baðstað, fyrir baðstaði í öllum flokkum skal skilað inn til heilbrigðisnefnda eigi síðar en 15. júlí 2017, skulu upplýsingarnar gerðar aðgengilegar almenningi á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

IV. KAFLI

Opinbert eftirlit, gæði baðvatns og sýnataka.

Opinbert eftirlit

9. gr.

Heilbrigðisnefnd á hverjum stað undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar hefur eftirlit með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

Heilbrigðisnefnd getur varað almenning við notkun baðstaðar. Þetta getur átt við þar sem niðurstöður örverurannsóknna á baðvatninu eru ítrekað yfir viðmiðunargildum, sýrustig er óeðlilega hátt eða lágt, þar sem hætta er á bruna af heitu vatni, hætta á grjóthruni og þar sem aðrar hættur eru í nánasta umhverfi baðstaðar. Ábyrgðaraðili skal sjá um uppsetningu slíkra merkinga á baðstað að kröfu heilbrigðisnefndar, a.m.k. þar til viðunandi heilnæmi og gæði baðvatns er náð að nýju eða bætt hefur verið úr öryggismálum skv. mati nefndarinnar. Slíkar merkingar, s.s. skilti, skulu vera skv. stöðlum um öryggismerkingar og handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum eins og við á. Þessar merkingar geta verið stakar sem og aukreitis eða hluti af upplýsingum um baðstað skv. 8. gr. reglugerðarinnar.

Heilnæmi og gæði baðvatns

10. gr.

Um örverufræðilegar kröfur baðvatns, tíðni sýnatöku og aðferðir vegna örverugreininga fer samkvæmt viðauka I við reglugerð þessa. Heilbrigðisnefnd metur heilnæmi og gæði baðvatns m.t.t. niðurstaðna sýnatöku og mati á eðlis- og efnamælingum. Heilbrigðisnefnd skal upplýsa ábyrgðaraðila og Umhverfisstofnun ef heilnæmi og gæði baðvatns náttúrulegs eða óhefðbundins baðstaðar er ófullnægjandi skv. ákvæðum viðauka I eða öryggi gesta ógnað. Heilbrigðisnefnd skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður mælinga og mat á heilnæmi og gæði baðvatns, sem birtir það á heimasíðu sinni.

Sýnataka

11. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður sýnatökustaði baðvatns á sínu svæði miðað við aðstæður á hverjum náttúrulegum eða óhefðbundnum baðstað, svo sem vegna álags eða íkomu hugsanlegra mengunarvalda, sem og í samræmi við innra eftirlit náttúrulegra og óhefðbundinna baðstaða í 1. flokki.

Sýnataka náttúrulegra og óhefðbundinna baðstaða í 1. flokki fer skv. starfsleyfi og viðauka I, heilbrigðisnefnd er heimilt að setja kröfu um ítarlegri og meiri sýnatöku en skv. viðauka I og telst til innra eftirlits.

Á náttúrulegum og óhefðbundnum baðstöðum í 2. flokki skal taka sýni að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að fylgjast með heilnæmi og gæði baðvatnsins. Sýnataka skal að lágmarki fara fram við upphaf háannatímabils og um miðbik þess og um niðurstöðu hennar fer þá samkvæmt viðmiðunargildum í töflu í

viðauka I. Sýnataka baðstaða í 2. og 3. flokki er hluti opinbers eftirlits en kostnaður vegna sýnatöku og rannsókna skal greiðast af viðkomandi sveitarfélagi.

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum sýnatökum á baðstöðum í 3. flokki nema heilbrigðisnefnd telji sérstaka ástæðu til, t.d. ef grunur er um íkomu mengunar eða hættu á útbreiðslu sjúkdóma.

Rannsóknastofur sem annast örverurannsóknir á vatni í samræmi við reglugerð þessa skulu standast almennar kröfur um starfsemi rannsóknastofa og hafa hlotið faggildingu, sbr. lög um faggildingu o.fl.

V. KAFLI

Viðurlög, málsmeðferð og gildistaka.

12. gr.

Ábyrgðar- og/eða rekstraraðili náttúrulegs eða óhefðbundins baðstaðar ber ábyrgð á því að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar.

13. gr.

Um gjaldtöku vegna eftirlits og útgáfu stafsleyfis, sýnatöku, valdsvið, undanþágur, þvingunarúrræði og úrskurði, fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Um viðurlög fer samkvæmt VIII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 15. tl., 4. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, og að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga hvað varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 9. gr. laganna.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

VIÐAUKI I

Viðmiðanir fyrir heilnæmi og gæði baðvatns á náttúrulegum og óhefðbundnum baðstöðum.

Greiningarþættir:	Viðmiðunargildi Saurkólígerlar, fjöldi/100 ml	Hámarksgildi Saurkólígerlar, fjöldi/100 ml	Lágmarkstíðni sýnatöku vegna innra eftirlits	Greiningaraðferð
1. flokkur	<100	<500	10 sýni/ári ¹⁾	Síunar- eða MPN aðferð
2. og 3. flokkur	<100	<500		Síunar- eða MPN aðferð
Eðlis- og efnabættir:	Viðmiðunargildi			Greiningaraðferð
Sýrustig	pH 5 –10,5 ²⁾			Rafmæling með kvörðun við pH 7 og 10
Olíufni, tjöruleifar, fita og gler eða plast	Ekki sýnileg			Sjónmat
Saur frá dýrum	Ekki sýnileg			Sjónmat

- 1) Taka skal hlutfallslega færri sýni ef um skemmri rekstrartíma á árinu er að ræða.
- 2) Þegar sýrustig er utan viðmiðunargildis skal heilbrigðisnefnd sérstaklega huga að efnainnihaldi vatnsins með tilliti til heilsu og öryggis baðgesta.

Til leiðbeiningar:

Náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir í 1. flokki

1. Um náttúrulega baðstaði í 1. flokki gildir að minnst 8 af hverjum 10 sýnum vegna innra eftirlits skulu innihalda <100 saurkólígerla/100ml og að hámarki 2 sýni milli 100 - 1000 saurkólígerla/100 ml.
2. Þegar fleiri en 1000 saurkólígerlar/100 ml eru í sýni er þörf á endurtekinni sýnatöku. Heilbrigðisnefnd metur hvort grundvöllur sé fyrir töku annars konar sýna en tilgreind eru í töflunni hér að ofan. Leiði endurtekin sýnataka í ljós viðvarandi mengun, skal heilbrigðisnefnd grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

Náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir í 2. flokki

Um náttúrulega baðstaði í 2. flokki gildir að sýni skulu tekin að lágmarki tvisvar sinnum á ári til að fylgjast með heilnæmi og gæði baðvatnsins og fer þá samkvæmt viðmiðunargildum í töflu hér að ofan.

Allir náttúrulegir og óhefðbundnir baðstaðir

1. Þegar sýnataka fer fram skal velja sýnatökustað þar sem mengun saurgerla er líkleg og sé þess komið við á þeim tíma dagsins þegar baðstaður er í sem mestri notkun. Sýni skulu geymd í kæli við 0°– 4° C og ákvörðun gerlaþéttleika að fara fram innan 24 tíma frá því sýni er tekið. Við sýnatöku skal þess gætt eftir föngum að yfirborðslag og botngrugg blandist ekki saman við sýni. Á baðströndum skal sýnataka fara fram á um 30 cm dýpi þar sem dýptin er um einn metri.
2. Ef þéttleiki gerla eða eðlis- og efnabættir reynast yfir viðmiðunargildum þarf heilbrigðisnefnd að ákvarða hvort vara eigi við notkun á viðkomandi náttúrulega baðstað og hvort ábyrgðar- eða rekstraraðili skuli merkja sérstaklega vegna þess.

VIÐAUKI II

Upplýsingar um baðstað

1. Ábyrgðaraðilum náttúrulegra og óhefðbundinna baðstaða í 1. – 3. flokki ber að sjá til þess að ákvæði 8. gr. reglugerðarinnar um upplýsingar um baðstað séu uppfyllt. Upplýsingum um baðstaði skal skilað inn til heilbrigðisnefndar, einnig í kjölfar endurskoðunar.
2. Upplýsingar um baðstað skulu innihalda upplýsingar um:
 - a. lýsingu á eðliseiginlegum, landfræðilegum og vatnafræðilegum einkennum baðstaðarins og annarra yfirborðsvatna á vatnasviði baðstaðarins sem gætu orsakað mengun (sjá dæmi aftast í viðauka).
 - b. greiningu og mat á hugsanlegum orsakavöldum mengunar sem gætu haft áhrif á baðstaðinn og/eða heilsu baðgesta.
 - c. mat á mögulegri útbreiðslu cyanobakteríu.
 - d. mat á mögulegri útbreiðslu stórpörunga og plöntusvifs.
 - e. ef mat skv. b. lið 2. gr. viðaukans leiðir í ljós að líkur eru á mengun, þó ekki nema í skamman tíma þá skal einnig veita eftirfarandi upplýsingar:
 - i. áætlað eðli, tíðni og tímalengd mengunar.
 - ii. nánari upplýsingar ef búast má við mengun í lengri tíma, þar á meðal aðgerðir sem hafa verið framkvæmdar og tímaáætlun fyrir upprætingu mengunar.
 - iii. aðgerðir sem framkvæmdar hafa verið vegna mengunar sem staðið hefur yfir í skemmri eða lengri tíma og upplýsingar um ábyrgðaaðila og tengiliði slíkra framkvæmda.
 - f. hvar sýnataka er framkvæmd á baðstað.
3. Endurskoða skal upplýsingar fyrir baðstaði reglulega til að meta hvort að atriði í 2. gr. viðaukans hafi breyst. Uppfæra skal upplýsingar sé þess þörf. Tíðni og umfang endurskoðunar skal meta m.t.t. eðlis og alvarleika mengunar. Endurskoðun skal þó aldrei framkvæmd sjaldnar en skv. eftirfarandi töflu:

Flokkur baðvatns	1. flokkur	2. flokkur	3. flokkur
Endurskoðun skal framkvæma á a.m.k.:	Fjögurra ára fresti	Þriggja ára fresti	Tveggja ára fresti
Þættir sem krefjast endurskoðunar (liðir 2. gr. viðauka)	(a) til (f)	(a) til (f)	(a) til (f)

4. Ef að um talsverðar byggingarframkvæmdir eða breytingar á grunnvirki eiga sér stað á eða í nánd við baðstaðinn, skal uppfæra upplýsingar um baðstað fyrir upphaf næsta háannatímabils.
5. Fyrir baðstaði í 1. flokki skulu upplýsingar sem vísað er til í 2. gr., a og b liðum settar fram á baðstaðnum sem skilti, veggspjald eða annað form við hæfi (sjá dæmi aftast í viðauka). Á baðstað í 2. flokki þar sem heilbrigðisnefnd hefur metið svo að upplýsingar um baðstað þurfi að vera til staðar skulu upplýsingar skv. 2. gr., a og b liðum vera aðgengilegar baðgestum, s.s. skilti, veggspjöld eða annað form við hæfi. Á baðstað í 3. flokki þar sem heilbrigðisnefnd hefur metið svo að upplýsingar um baðstað þurfi að vera aðgengilegar baðgestum á baðstaðnum skulu að lágmarki vera sérstakar merkingar sem sýni flokk baðstaðarins auk hugsanlegra banna og aðvaranna, s.s. yfirlitsmynd, hitastig baðvatns, dýpt og

eigin ábyrgð baðgesta. Upplýsingar um baðstað sem settar eru fram á baðstað skulu uppfærðar samhliða endurskoðun skv. 3. gr. viðaukans.

6. Bæta má við öðrum viðeigandi upplýsingum í samráði við heilbrigðisnefnd.


Dæmi 1: nánar um 2. gr., lið a)

- Lýsing á baðstaðnum sjálfum: almenn lýsing á sjálfu vatnshlotinu, heiti og einkenninúmer, stærð og efniseiginleikar umhverfis, fjöldi baðgesta yfir árið (skilgreinind háannatímabils), aðstaða fyrir baðgesti, aðvaranir og bönn á baðstað og staðsetning sýnatöku.
 - Einkennisnúmer baðstaðar: IS_X_Z
 - IS stendur fyrir Ísland
 - Skipta út X fyrir viðkomandi svæði („HGK“ fyrir Hafnarfjörð, Garðabæ og Kópavog, „R“ fyrir Reykjavík, „K“ fyrir Kjósarsvæði, „Sn“ fyrir Suðurnes, „SI“ fyrir Suðurland, „A“ fyrir Austurland, „NE“ fyrir Norðurland eystra, „NV“ fyrir Norðurland vestra, „Vf“ fyrir Vestfirði, „VI“ fyrir Vesturland“).
 - Skipta út Z fyrir ávísað númer baðstaðar innan svæðisins, ákveðið af heilbrigðisnefnd, sbr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- Lýsing á öðrum yfirborðsvötnum á vatnasviði baðstaðar: almenn lýsing á yfirborðsvötnum í nágrenninu, ef tenging er á milli vatnanna eða flæði yfir og hvar vatn komi inn til baðstaðar, hvort dreifðrar losunar gæti vegna starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli sem getur haft áhrif á gæði baðvatns, hvaða mengun gæti orðið vart við á baðstað vegna nágrennavatna.

Dæmi 2: upplýsingar um baðstað sem settar eru fram á baðstað

Stutt lýsing á baðstaðnum og því hversu miklar líkur eru á mengun:

- Kort Y :



- „Baðstaðurinn X er á tiltölulega lítilli og grunnri vík, um 3 km langri á Norðurströnd A svæðis. Munur á flóði og fjöru er í meðallagi. Megnið af vatnasviði baðstaðarins kemur frá Lönguá. Öll víkin er flokkuð sem baðstaður með sýnatökustað við eystri enda vikurinnar eins og sýnt er á korti Y.“
- „Gæði baðvatnsins geta minnkað vegna dreifðrar mengunar eða yfirfalls úrkomuvatns sem þá geta valdið mengun í skamman tíma. Áætlað er að slík tilfelli geti staðið yfir í einn til tvo daga eftir því hversu lengi úrkoman stendur yfir. Búast má við að slík tilfelli komi upp allt að fimm sinnum yfir háannatímabilið, en þar sem að þau eru háð veðráttu getur verið að þau komi upp oftar.“
- Upplýsingar um ábyrgðaraðila, endurskoðun upplýsinga og tengilið vegna baðstaðar.

DRÖG